FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

# Fornleifaskráning  vegna deiliskipulags við suðvestanverða Krókatjörn í Mosfellsbæ



Bjarni F. Einarsson 2022




Mynd 1.Deiliskipulagsreiturinn afmarkaður með hvítum línum. (Loftmynd: Mosfellsbær).

Að beiðni Hrafns Bjarnasonar kannaði Fornleifafræðistofan hvort fornleifar kynnu að leynast á deiliskipulagsreit í landi Miðdals í Mosfellsbæ (landnúmer 125143). Stærð reitarins er 1,6 ha og er hann við suðvestanverða Krókatjörn (sjá mynd 1). Landið einkennist af berghellum, urð og grjóti með mosaþembum víðast hvar. Við núverandi sumarbústað eru einstka ræktaðir grasblettir og skógrækt.

Við vettvangskönnun þann 13. apríl komu engar fornleifar í ljós og litlar sem engar líkur á að þær finnist. Svæðið var allt gengið og minja leitað. Engar heimildir eru um að þarna kunni að leynast fornleifar.

Komi annað í ljós við framkvæmdir er bent á 24. gr. laga um menningarminjar, en þar er öllum þeim sem finna áður óþekktar fornleifar skylt að skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum eins fljótt og hægt er.

## *Heimildir*

*Lög um menningarminjar*. Lög nr. 80 29. Júní 2012.

Forsíðumyndin sýnir nýlega vörðu sem hlaðin hefur verið upp skammt suður av núverandi sumarbústað. Hún var ekki skráð. (Horft mót NA. Ljósm. BFE 2022).